

**Leiðbeinandi tilmæli um aðgerðir gegn  
peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka  
nr. xx/2011**

**EKKI Í GILDI**

Tilmælin eru birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins ([www.fme.is](http://www.fme.is))

Gefin út samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með  
fjármálastarfsemi.

**30. september 2011**

# Efnisyfirlit

<b>I.</b>	<b>Inngangur.....</b>	<b>4</b>
	1.1 Almenn.....	4
	1.2. Um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.....	4
	1.3 Lög, reglur og leiðbeiningar.....	5
	1.4. Skyldur tilkynningarskyldra aðila.....	5
	1.5 Peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.....	6
<b>II.</b>	<b>Könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.....</b>	<b>6</b>
	2.1 Áreiðanleikakönnun.....	6
	2.2 Upphaf viðvarandi samningssambands.....	7
	2.3 Einstök viðskipti.....	7
	2.4 Upplýsingaöflun.....	7
	2.4.1 Viðskiptamaður viðstaddur í eigin persónu.....	7
	2.4.2 Upplýsingar sem aflu skal.....	8
	2.4.3 Raunverulegur eignarhlutfélagi.....	10
	2.5 Tímabundin frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn..	11
	2.6 Einfölduð könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.....	11
	2.7 Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann.....	12
	2.7.1 Fjarsala.....	12
	2.7.2 Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.....	13
	2.7.3 Millibankaviðskipti og lánastofnanir án raunverulegrar starfsemi.....	13
	2.7.4 Nafnleynd í viðskiptum.....	14
	2.8 Reglubundið eftirlit.....	14
	2.9 Áhættumat.....	15
	2.9.1 Inngangur.....	15
	2.9.2 Framkvæmd áhættumats.....	15
	2.10 Varðveisla gagna.....	18
<b>III.</b>	<b>Rannsóknarskylda og tilkynningarskylda.....</b>	<b>19</b>
	3.1 Rannsóknarskylda.....	19
	3.2 Tilkynningarskylda til lögreglu.....	19
<b>IV.</b>	<b>Innra eftirlit, innri reglur o.fl.....</b>	<b>20</b>
	4.1 Ábyrgðarmaður.....	20
	4.2 Innra eftirlit o.fl.....	21
	4.3 Þjálfun starfsmanna.....	22

<b>V.</b>	<b>Erlend starfsemi tilkynningarskyldra aðila.....</b>	<b>23</b>
<b>VI.</b>	<b>Eftirlit.....</b>	<b>23</b>

**Ekki í gildi**

## I. Inngangur

### 1.1 Almennt

Fjármálaeftirlitið gefur út endurskoðuð leiðbeinandi tilmæli um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tilmælin leysa af hólmi eldri tilmæli nr. 2/2008 um sama efni frá september 2008.

Tilmælin eru sett til leiðbeiningar fyrir tilkynningarskylda aðila samkvæmt a–e-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (hér eftir tilkynningarskyldir aðilar), við að framfylgja ákvæðum laganna.<sup>1</sup> Tilgangur tilmælanna er því fyrst og fremst að skýra ýmis ákvæði laganna án þess að um tæmandi skýringar sé að ræða. Tilmælin geta þó orðið grundvöllur krafna Fjármálaeftirlitsins um úrbætur með vísan til laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sérlaga um starfsleyfisskylda starfsemi og alþjóðlegra reglna og skuldbindinga íslenska ríkisins á þessu sviði.

### 1.2. Um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Peningabætti er alþjóðlegt vandamál en með vaxandi heimsvæðingu viðskipta og frelsis í fjármagnsflæði milli ríkja er það orðinn stór þáttur í alþjóðlegri glæpastarfsemi, svo sem fíkniefnaviðskiptum og hryðjuverkum. Á alþjóðavettvangi hafa ýmsar aðgerðir beinst að því að efla baráttu gegn þessari þróun enda er alþjóðleg samræming mikilvæg í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Á fundi leiðtoga sjö helstu iðnríkja heims í París í júlí 1989 var ákveðið að setja á stofn alþjóðlegan framkvæmdahóp, [Financial Action Task Force \(FATF\)](#), sem skyldi vinna að aðgerðum til að koma í veg fyrir að fjármálakerfið sé misnotað í þeim tilgangi að koma illa fengnu fé í umferð. Árið 2001 var baráttunni gegn fjármögnun hryðjuverka bætt við hlutverk FATF. Þau ríki sem tekið hafa þátt í FATF-samstarfinu hafa verið í fararbroddi aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ísland gekk til samstarfs við FATF í september 1991 og með inngöngu skuldbatt Ísland sig til að samræma löggjöf og starfsreglur að tillögum FATF.

Hlutverk og starfssvið FATF hefur verið greint í þrennt. Í fyrsta lagi að semja staðla fyrir aðgerðir í hverju ríki gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, í öðru lagi að leggja mat á aðgerðir ríkja til að innleiða þessa staðla, og í þriðja lagi að rannsaka og læra að þekkja aðferðir þeirra sem stunda peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Samin hafa verið tilmæli til aðildarríkjanna um aðgerðir gegn peningabætti. Árið 1990 voru 40 slík tilmæli (e. [the 40 Recommendations](#)) gefin út og hafa þau verið endurskoðuð tvisvar, árið 1996 og 2003, til að tryggja að þau fylgi þróun á þessu sviði. Þá hafa bæst við 9 svokölluð sérstök tilmæli (e. [9 Special Recommendations on Terrorist Financing](#)), en þau miða að því að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka. Þessi tilmæli og starf hins alþjóðlega framkvæmdahóps hafa verið leiðandi á heimsvísu og hafa tilskipanir Evrópusambandsins um peningabætti verið í samræmi við tilmælin.

FATF gerði úttekt á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi haustið 2006. Á úttektarfundum FATF, sem haldinn var haustið 2008, komu fulltrúar íslenskra

<sup>1</sup> Tilmælin taka fyrst og fremst mið af starfsemi sem fjármálafyrirtæki stunda en taka þó einnig til starfsemi annarra tilkynningarskyldra aðila eftir því sem við á.

stjórnvalda, fyrir matsnefnd FATF. Lögð var fram eftirfylgniskýrsla og gerð grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar höfðu verið síðan úttektin var gerð árið 2006. Úrbæturnar fólust í því að breytingar voru gerðar á lögum nr. 64/2006 með lögum nr. 77/2008 til þess að koma til móts við athugasemdir FATF. Umræddar breytingar eru mikilvægur liður í að efla trúverðugleika og traust íslensks viðskiptalífs. Árið 2009 lögðu íslensk stjórnvöld svo fram aðra eftirfylgniskýrslu til FATF og gerðu grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar höfðu verið frá því að fyrsta eftirfylgniskýrslan var lögð fram árið 2008. Árið 2010 lögðu íslensk stjórnvöld fram þriðju eftirfylgniskýrsluna.

### 1.3 Lög, reglur og leiðbeiningar

Þau lög, reglur og leiðbeiningar sem fjalla um viðfangsefni tilmælanna eru þessar helstar:

- Lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Reglugerð nr. 626/2006 um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti.
- Reglugerð nr. 811/2008 um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Reglur nr. 917/2009 um gjaldeyrisskiptastöðvar og peninga- og verðmætasendingarþjónustur.
- Tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og 2006/70/EB.
- Leiðbeiningar um mat á áreiðanleika viðskiptamanna banka (*e. Customer due diligence for banks*) frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit (*e. the Basel Committee on Banking Supervision*) sem finna má á [www.bis.org](http://www.bis.org).
- Almennar leiðbeiningar við opnun bankareiknings og könnun á viðskiptamanni (*e. General Guide to Account Opening and Customer Identification*) frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit sem einnig má finna á [www.bis.org](http://www.bis.org).
- Tilmæli FATF ([www.fatf-gafi.org](http://www.fatf-gafi.org)).
- Leiðbeiningar frá Alþjóðasamtökum váttryggingaeftirlita ([www.iaisweb.org](http://www.iaisweb.org)).
- Leiðbeiningar frá Alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita ([www.iosco.org](http://www.iosco.org)).
- Leiðbeiningar frá Wolfsberg-hópnum ([www.wolfsberg-principles.com](http://www.wolfsberg-principles.com)).

### 1.4. Skyldur tilkynningarskyldra aðila

Tilkynningarskyldum aðilum ber að fylgjast með tilkynningum og leiðbeiningum sem Fjármálaeftirlitið kann að gefa út á grundvelli 2. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006, þ.e. ef þörf er talin á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Fjármálaeftirlitið sendir dreifibréf til tilkynningarskyldra aðila og annarra hagsmunaaðila þegar tilkynning þess efnis hefur borist stofnuninni frá hlutaðeigandi aðilum og birtir einnig upplýsingar þessa efnis á vefsíðu stofnunarinnar.

Skyldum tilkynningarskyldra aðila samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka má skipta í þrjá meginþætti:

1. könnun á áreiðanleika viðskiptamanna (einstaklinga og lögaðila) við upphaf viðskiptasambands og við einstök viðskipti og varðveisla afrita af persónuskilríkjum ásamt öðrum viðskiptagögnum.
2. athugun á öllum grunsamlegum viðskiptum og fyrirhuguðum viðskiptum og tilkynning til lögreglu um slík viðskipti.
3. að hafa innri starfshætti í góðu horfi, s.s. innra eftirlit, skriflegar reglur og ferlar, kerfi til að bregðast skjótt við fyrirspurnum lögreglu og yfirvalda, að þjálfa starfsmenn og tilnefna sérstakan ábyrgðarmann úr hópi stjórnenda.

## 1.5 Peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Peningaþvætti er skilgreint í 1. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006, með síðari breytingum með eftirfarandi hætti:

*Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.*

Ávinningur er hvers kyns hagnaður og eignir hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skjöl sem ætlað er að tryggja réttthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006, með síðari breytingum.

Þvætti er sjálfstætt refsivert brot samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í 1. mgr. 264. gr. segir eftirfarandi:

*Hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings skal sæta fangelsi allt að 6 árum.*

Í 3. tölul. 4. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um að refska skuli eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot gegn 264. gr., framið innan íslenska ríkisins, enda þótt frumbrotið sem ávinningur stafar frá hafi verið framið erlendis og án tillits til hver var að því valdur.

Fjármögnun hryðjuverka er samkvæmt 2. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006, öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert samkvæmt 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

## II. Könnun á áreiðanleika viðskiptamanna

### 2.1 Áreiðanleikakönnun

Áreiðanleikakönnun skal ávallt fara fram í þeim tilvikum sem nefnd eru a–e-lið 4. gr. laga nr. 64/2006. Með áreiðanleikakönnun viðskiptamanns vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka er átt við upplýsingaöflun og könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann.

Við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann skal auk laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka líta til tilmæla, reglna og upplýsinga frá íslenskum stjórnvöldum. Er þar t.d. átt við tilkynningar Fjármálaeftirlitsins í samræmi við skuldbindingar og samþykktir á alþjóðavettvangi sem Ísland er aðili að, sbr. 16. gr. a laga nr. 87/1998, auglýsingar utanríkisráðuneytisins í Stjórnartíðindum um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn hryðjuverkamönnum og tilmæli FATF.

## 2.2 Upphaf viðvarandi samningssambands

Meginreglan er að viðskiptamaður skuli sanna á sér deili áður en viðvarandi samningssambandi er komið á, sbr. a-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2006.

Viðvarandi samningssamband telst hafa stofnast á þeim tímapunkti þegar viðskiptamaður getur og hefur heimild til að nýta sér þjónustu tilkynningarskylds aðila.

Dæmi um tímamörk sem marka upphaf viðvarandi samningssambands:

- Við stofnun innlánsreiknings.
- Við undirritun lánsamnings eða samnings um þjónustu.
- Við undirritun kaupleigu-/eignaleigusamnings í lausafjárkaupum.
- Við undirritun samnings um eignastýringu.
- Við undirritun samnings um einkabankaþjónustu.
- Við afhendingu greiðslukorts til viðskiptamanns.

## 2.3 Einstök viðskipti

Í þeim tilvikum sem einstök viðskipti að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum, skal kanna áreiðanleika viðskiptamanns, sbr. b-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2006. Hið sama á við þegar gjaldeyrisviðskipti eiga sér stað að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskipti fara fram í einni færslu eða fleirum, sbr. c-lið 1. mgr. 4. gr. laganna.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu sérstaklega vera á varðbergi gagnvart því að hin einstöku viðskipti geta farið fram í fleiri en einni færslu. Þannig kunna einstakar færslur með lægri fjárhæðir að tengjast hver annarri og getur heildarfjárhæð viðskiptanna farið yfir fyrrgreind mörk. Telji tilkynningarskyldur aðili að viðskipti fari fram í fleiri en einni færslu, mælist Fjármálaeftirlitið til þess að afla sé persónuskilríkja viðskiptamanns, í þeim tilvikum þegar fjárhæð hinna einstöku færslna er að lágmarki 1.000 evrur.

## 2.4 Upplýsingaöflun

### 2.4.1 Viðskiptamaður viðstaddur í eigin persónu

Grundvallaratriði við áreiðanleikakönnun á viðskiptamanni er að hann sé viðstaddur í eigin persónu til að sanna á sér deili við upphaf viðskipta.

Þær aðstæður geta hins vegar verið fyrir hendi að einstaklingur getur ekki verið viðstaddur við upphaf viðskipta, t.d. vegna veikinda, fötlunar eða landfræðilegra aðstæðna. Eftirfarandi eru dæmi um aðgerðir tilkynningarskyldra aðila í slíkum tilvikum:

- Að starfsmenn tilkynningarskylds aðila gætu kannað möguleika á að heimsækja viðskiptamanninn.
- Sé lítil hætta talin á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka gæti 8. gr. laga nr. 64/2006, um tímabundna frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn átt við, sjá nánar í kafla 2.5. Ákvæðinu er t.d. ætlað að koma til móts við þau tilvik þar sem viðskiptamaður er ekki á staðnum til að sanna á sér deili. Um er að ræða undanþágu frá grundvallarákvæði laganna um upplýsingaöflun. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að tilkynningarskyldur aðili beiti þessu ákvæði af varfærni og eingöngu í undantekningartilvikum.
- Að öðrum kosti kæmu til skoðunar auknar kröfur samkvæmt 10. gr. laganna, um fjarsölu, sem fjallar einnig um þau tilvik þegar viðskiptamaður er ekki á staðnum til

að sanna á sér deili, sjá nánar í kafla 2.7.1.

## 2.4.2 Upplýsingar sem afla skal

### 2.4.2.1 Einstaklingar

#### Upplýsingar

Tilkynningarskyldur aðili sem hyggst stofna til samningssambands við viðskiptamann verður að vera sannfærður um að hann sé sá sem hann segist vera og ber að afla fullnægjandi upplýsinga um viðkomandi í þeim tilgangi. Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006 er gerð krafa um að viðskiptamaður sanni á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum.

Í því felst að mati Fjármálaeftirlitsins að nauðsynlegt sé að eftirfarandi upplýsinga frá einstaklingum sé aflað og þær skráðar:

- Persónuskilríki með mynd.
- Fullt nafn.
- Kennitala.
- Upplýsingar um lögheimili (pósthólfsnúmer er ekki fullnægjandi).
- Símanúmer (heimanúmer eða farsímanúmer), netfang og faxnúmer þar sem það á við.
- Ríkisfang.
- Starf.
- Tilgang viðskipta.
- Undirskrift.

**Ekki í gildi**

#### Áreiðanleiki upplýsinga

Tilkynningarskyldur aðili skal staðfesta áreiðanleika upplýsinga sem einstaklingur veitir við upphaf viðskipta með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

- Með gildum persónuskilríkjum sem gefin er út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum.
- Staðfesta rétt lögheimili með upplýsingum úr þjóðskrá.
- Hafa samband við viðskiptamann í gegnum síma, með bréfi eða tölvupósti til að staðfesta uppgefnar upplýsingar. Ótengdur sími, endursendur póstur eða rangt netfang ættu að leiða til frekari eftirgrennslan.
- Fá staðfestingu á gildi opinberra gagna t.d. frá sendiráði, lögbókanda (*notarius publicus*) eða öðrum viðurkenndum aðila sé þess þörf. Þetta ætti t.d. við þegar um erlendan aðila væri að ræða.

#### Tegundir skilríkja

Mismunandi er eftir tegundum skilríkja hvaða upplýsingar koma fram á þeim en nota skal gild skilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Sem dæmi um slík skilríki má nefna:

- Vegabréf.
- Ökuskírteini.
- Nafnskírteini.
- Önnur sambærileg skilríki.



Fjármálaeftirlitið lítur svo á að með stjórnvöldum í 5. gr. laga nr. 64/2006 sé bæði átt við íslensk og erlend stjórnvöld. Þannig teljast t.d. erlend vegabréf eða nafnskírteini frá EES-rikkjum gild skilríki í skilningi laganna.

Viðskiptamaður getur framvísað skilríki sem gefið er út af stjórnvöldum. Þó getur verið um að ræða að stjórnvöld geti viðurkennt skilríki sem gefin eru út af öðrum en þeim og að notkun slíkra skilríkja sé þá heimil til að sanna á sér deili. Framvísi viðskiptamaður skilríki sem gefið er út af öðrum en stjórnvaldi verður að gera kröfu um að skrifleg staðfesting stjórnvalds á gildi þess fylgi með. Staðfest endurrit lögbókanda (*notarius publicus*) af skilríki jafngildir frumriti þess, sbr. 12. gr. laga nr. 86/1989 um lögbókandagerðir.

### 2.4.2.2 Lögaðilar

#### Upplýsingar

Grundvallarreglur um upplýsingar frá einstaklingum gilda einnig um lögaðila eftir því sem við á. Tilkynningarskyldur aðili sem hyggst stofna til samningssambands við lögaðila verður að þekkja til og vera sannfærður um tilvist lögaðilans og hverjir eru í forsvari fyrir hann. Í b-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006 er kveðið á um kröfur um áreiðanleikakönnun lögaðila. Til að ganga úr skugga um lagalega tilvist og form lögaðila telur Fjármálaeftirlitið m.a. nauðsynlegt að afla eftirfarandi upplýsinga frá lögaðilum:

- Nafn lögaðila.
- Kennitölu.
- Lagalegt form, t.d. einkahlutafélag eða hlutafélag.
- Aðsetur lögaðila.
- Póstfang.
- Símanúmer og netfang þar sem við á.
- Frumrit vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða staðfest endurrit þess. Ef um erlendan aðila er að ræða þá úr sambærilegri skrá frá sambærilegri stofnun. Vottorðið skal ekki vera eldra en þriggja mánaða.
- Samþykktir.
- Ársreikning síðasta reikningsárs ef hann er fyrirliggjandi. Að öðrum kosti skal afla stofnefnahagsreiknings.
- Upplýsingar um hluthafa.
- Reglur um hver geti skuldbundið lögaðila.
- Tilgang viðskiptanna.

**Ekki í gildi**

#### Áreiðanleiki upplýsinga

Staðfesta skal áreiðanleika framangreindra upplýsinga með a.m.k. einni af eftirfarandi aðgerðum:

- Skoða síðustu ársskýrslu og endurskoðaðan ársreikning.
- Nota opinberar upplýsingaskrár eða upplýsingar úr viðurkenndum gagnagrunnum, hérlandis t.d. fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða Creditinfo Lánstraust hf.<sup>2</sup>
- Staðreyna að lögaðilinn stundi starfsemi og að starfsemi hans hafi ekki verið lögð niður.
- Afla upplýsinga um fyrri bankaviðskipti lögaðila.
- Heimsækja lögaðilann, þar sem það á við.

<sup>2</sup> Fyrirtækið hefur starfsleyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila, í því skyni að miðla þeim til annarra.

- Hafa samband við lögaðilann í gegnum síma, bréfleiðis eða með tölvupósti. Ótengdur sími, endursendur póstur og rangt netfang ættu að leiða til frekari eftirgrennslan.

### **Prókúruhafar, framkvæmdastjórar, stjórnarmenn og umboðsmenn**

Prókúruhafar skulu sanna deili á sér með sama hætti og einstaklingar og sýna fram á að þeir hafi heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðila, þ.e. réttilega tilkomin prókúra eða önnur sérstök heimild, sbr. b-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006. Sama á við um framkvæmdastjóra og stjórnarmenn og alla þá sem koma fram fyrir hönd lögaðila og geta skuldbundið hann.

Staðfesta skal deili á og bakgrunn þeirra umboðsmanna sem koma fram fyrir hönd lögaðila, t.d. lögmanna og endurskoðenda, ef umboðsmaðurinn er ekki starfsmaður lögaðila.

Hafi tilkynningarskyldur aðili vitneskju um eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006.

### **Erlendir lögaðilar**

Í tilviki erlendra lögaðila þar sem framlögð vottorð eru ekki auðsjáanlega frá sambærilegri stofnun og hérlendis skal staðfesta gildi þeirra, t.d. hjá sendiráði viðkomandi lögaðila.

### **Félagasamtök og góðgerðarfélög**

Þegar félagasamtök eða góðgerðarfélög eru viðskiptamenn skal kanna eftirfarandi:

- Deili á fyrrisvarsmönnum og ábyrgðarmönnum félagsins.
- Deili á þeim sem fara með stjórn félagsins og eigna þess.
- Hvort þeir sem koma fram fyrir hönd góðgerðarfélags hafi í raun umboð til þess.
- Tilgang góðgerðarfélags eða félagasamtaka.

### **2.4.3 Raunverulegur eigandi**

Tilkynningarskyldir aðilar skulu afla upplýsinga um raunverulegan eiganda, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006. Auk þess skal tilkynningarskyldur aðili afla upplýsinga um raunverulegan eiganda viðskiptamanns sem þegar er í viðskiptum hafi hann ekki þegar gert það, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006.

Raunverulegur eigandi er einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á eða stýrir þeim einstaklingi og/eða lögaðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin, sbr. 4. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006.

Í því skyni að meta hver er raunverulegur eigandi viðskiptamanns skal tilkynningarskyldur aðili:

- Grípa til sanngjarnra ráðstafana til að afla upplýsinga um raunverulegan eiganda með hliðsjón af samningssambandinu, vörunni, viðskiptunum, því hvaða viðskiptamenn eiga í hlut og hættunni á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Sanngjarnar ráðstafanir geta m.a. falist í því:
  - að styðjast við opinber gögn um raunverulega eigendur,
  - biðja viðskiptamenn að afhenda upplýsingar um raunverulegan eiganda,
  - að afla þeirra með öðrum hætti.
- Leggja sjálfstætt mat á hvort upplýsingar um raunverulegan eiganda viðskiptamanns séu réttar og fullnægjandi.

Í þeim tilvikum þar sem óljóst er, hvaða einstaklingur eða einstaklingar í raun eiga eða stjórna lögaðila, sbr. a- og b-lið 4. tölul. 3. gr., getur tilkynningarskyldur aðili þurft að afla eftirfarandi viðbótarupplýsinga:

- Nánari upplýsinga um eignarhald á lögaðila.
- Samþykkt lögaðila.
- Stofnsamnings.
- Hluthafasamkomulags ef um hlutafélag er að ræða eða annars sambærilegs samkomulags milli eigenda eða stjórnenda lögaðila.
- Hvort hlutum í hlutafélagi er skipt í flokka, þar sem einn hlutabréfaflokkur hefur meiri áhrif en aðrir.
- Hvort aðili á veð í lögaðila og fer með atkvæðisrétt í viðkomandi lögaðila á grundvelli veðsins.
- Annarra samninga sem kunna að vera fyrir hendi og haft geta áhrif á stjórn lögaðila.

## 2.5 Tímabundin frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

Þrátt fyrir meginreglu þess efnis að upplýsingaöflun og áreiðanleikakönnun skuli fara fram áður en til samningssambands er stofnað, er heimilt að fresta því tímabundið samkvæmt 8. gr. laga nr. 64/2006, til þess að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta. Tímabundin frestun er heimil í þeim tilvikum þar sem lítil hætta er talin á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og að því tilskildu að viðskiptamaður sanni á sér deili eins fljótt og við verður komið.

Ákvæðinu er m.a. ætlað að koma til móts við þau tilvik þar sem viðskiptamaður getur ekki vegna ómöguleika framvísað gildum persónuskilríkjum skv. a-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006 eða er ókleift að vera á staðnum til að sanna á sér deili. Sem dæmi um slík tilvik má nefna viðskiptamenn sem dvelja á sjúkrahöfnun eða dvalarheimili.

Framangreint er undanþága frá grundvallarákvæði laganna um upplýsingaöflun og áreiðanleikakönnun. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að tilkynningarskyldir aðilar beiti ákvæðinu af varfærni og eingöngu í undantekningartilvikum.

Fjármálaeftirlitið telur jafnframt rétt að tilkynningarskyldir aðilar setji sér reglur um hvernig beita skuli tímabundinni frestun upplýsingaöflunar. Slíkar reglur geta tilgreint viðmið um tímamörk frestunar, fjárhæðarmörk og skilgreint aðstæður þar sem lítil hætta er talin á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að haldin sé skrá um tilvik þar sem heimild til tímabundinnar frestunar upplýsingaöflunar hefur verið nýtt.

## 2.6 Einfölduð könnun á áreiðanleika viðskiptamanna

### Viðskiptamenn sem lúta einfaldaðri könnun á áreiðanleika

Í 15. gr. laga nr. 64/2006 kemur fram að þegar tilkynningarskyldur aðili hefur aflað fullnægjandi upplýsinga um að viðskiptamaður falli undir eftirfarandi er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun:

- Fjármálafyrirtæki, líftryggingafélög og samsvarandi lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Sama gildir um eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki frá löndum utan EES sem gerðar eru sambærilegar kröfur til og samkvæmt lögum nr. 64/2006.
- Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
- Íslensk stjórnvöld.

Við einfaldaða áreiðanleikakönnun gilda ekki ákvæði 5. og 6. gr. laganna. Ávallt skal þó skrá nafn einstaklings eða lögaðila, kennitölu og heimilisfang.

Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna samkvæmt 15. gr. a, sbr. 2. mgr. 15. gr.:

- Þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskipti verði færð til skuldar á viðskiptareikningi á nafni viðskiptamanns í starfandi fjármálafyrirtæki eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á EES nema grunur leiki á að viðskiptin tengist peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- Við gerð líftryggingarsamnings hjá fjármálastofnun, sem hlotið hefur starfsleyfi á EES, ef árlegt iðgjald viðskiptamanns frá EES er lægra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, eða ef um er að ræða eingreiðslu iðgjalds sem er lægri en 2.500 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ef árlegt iðgjald er hækkað, þannig að það verði herra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, skal krefjast framvísunar skilríkja, sbr. 5. gr.

### Upplýsingar frá þriðja aðila

Tilkynningarskyldur aðili sem treystir á upplýsingar frá þriðja aðila samkvæmt 16. gr. laga nr. 64/2006, skal leitast við að:

- Fá nauðsynlegar og áreiðanlegar upplýsingar um hvernig sá aðili stendur að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna.
- Gera fullnægjandi ráðstafanir til að fullvissa sig um að afrit af viðeigandi skjölum sem sanna deili á viðskiptamanni og öðrum skjölum áreiðanleikakönnunar verði látin í té án tafar sé þess óskað.
- Fullvissa sig um að þriðji aðili fullnægi kröfum sem eru sambærilegar við þær sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, lúti eftirliti sambærilegu við eftirlit með íslenskum fjármálafyrirtækjum og hafi starfsreglur og starfsaðferðir í samræmi við tilmæli FATF.
- Tryggja að þriðji aðili uppfylli skyldur sínar og gera um það skriflegan samning þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd upplýsingagjafarinnar.

## 2.7 Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann

### 2.7.1 Fjarsala

Þegar viðskiptamaður er ekki viðstaddur í eigin persónu til að sanna á sér deili við upphaf viðskipta skulu gerðar auknar kröfur til upplýsingaöflunar um hann ásamt því að krefjast þess að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptamannsins og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi fjármálafyrirtæki, sbr. 10. gr. laga nr. 64/2006. Viðhafa skal jafn góðar starfsaðferðir til að sanna deili á viðskiptamanni og væri hann viðstaddur í eigin persónu. Auknar kröfur til upplýsingaöflunar samkvæmt framangreindu geta m.a. falist í einni af eftirfarandi aðgerðum:

- Auðkenningu og undirskrift með rafrænum skilríkjum sem vottunaraðili gefur út í samræmi við lög nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir eða sambærilega löggjöf erlendis.
- Frekari upplýsingar um uppruna fjármagns.
- Staðfestingu á áreiðanleika gagna sem er aflað, t.d. frá opinberum aðila, fjármálafyrirtæki, vinnuveitanda eða öðrum aðilum.
- Öflun viðbótargagna um viðskiptamann, svo sem um fyrri bankaviðskipti, auk

frekari sannana um lögheimili.

Gögn um viðskiptamann skulu fela í sér fullnægjandi upplýsingar til að gefa af honum rétta mynd.

Sem dæmi um fjarsölu má nefna:

- Viðskiptasamband, þjónusta og viðskiptafærsla sem á sér stað yfir Internetið eða með bréfpósti.
- Hraðbankaþjónusta.
- Símaþjónusta.
- Notkun annarra rafrænna fjarskiptamiðla í viðskiptum.
- Notkun fyrirframgreiddra, endurhlaðanlegra eða reikningstengdra greiðslukorta í rafrænum viðskiptum.

Reglulegt eftirlit samkvæmt 6. gr. laga nr. 64/2006 með viðskiptasambandi þar sem gerðar eru auknar kröfur til áreiðanleikakönnunar skal vera í samræmi við hinar auknu kröfur.

### 2.7.2 Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla

Fjallað er um samningssamband eða viðskipti við einstaklinga sem teljast vera í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og eru búsettir erlendis í 12. gr. laga nr. 64/2006. Meta skal hvort viðskiptamaður telst vera í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sinna en til þess hóps teljast þeir sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu og nánasta fjölskylda þeirra eða einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra.

Samkvæmt ákvæðinu skal afla samþykkis frá yfirstjórn áður en stofnað er til viðskipta við slíka aðila. Hið sama gildir um heimild til að halda áfram viðskiptum ef viðskiptamaður sem er þegar í viðskiptasambandi telst síðar falla í þennan hóp. Með yfirstjórn er ekki átt við að þörf sé á að leita samþykkis stjórnar tilkynningarskylds aðila heldur nægir að leita til næsta stjórnunarstigs fyrir ofan þann starfsmann sem um ræðir.

Grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna sem notaðir eru í slíku viðskiptasambandi. Með því er átt við að afla eftir föngum upplýsinga um eignir og tekjur viðkomandi til að geta metið hvort viðskiptin séu í eðlilegum tengslum við fjárhagslega stöðu hans.

Reglulegt eftirlit tilkynningarskylds aðila samkvæmt 6. gr. laga nr. 64/2006 með slíku viðskiptasambandi, skal vera í samræmi við hinar auknu kröfur sem felast í 12. gr. laganna.

Nánari skilgreiningu á því hverjir teljast einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, samkvæmt 12. gr. laganna má finna í reglugerð nr. 811/2008 um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

### 2.7.3 Millibankaviðskipti og lánastofnanir án raunverulegrar starfsemi

Í 11. gr. laga nr. 64/2006 kemur fram að í millibankaviðskiptum yfir landamæri, við aðila frá löndum utan EES, skuli fjármálafyrirtæki sem löggin gilda um uppfylla ákveðin skilyrði. Þau skilyrði eru eftirfarandi:

- Afla upplýsinga um starfsemi gagnaðilans og meta út frá opinberum gögnum orðstír viðkomandi og staðreyna gæði eftirlits hjá honum.
- Leggja mat á eftirlit gagnaðilans og fullvissa sig með því um að ekki fari fram peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

- Afla samþykkis frá yfirstjórn áður en millibankaviðskiptum er komið á. Með því er átt við að leita til næsta stjórnunarstigs fyrir ofan þann starfsmann sem um ræðir.
- Skrásetja skyldur hvors aðila fyrir sig samkvæmt lögum nr. 64/2006.
- Fá staðfest þegar um greiðslustreymisreikninga er að ræða, að gagnaðilinn hafi fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. um áreiðanleikakönnun og meti reglulega upplýsingar um viðskiptamenn sem hafa beinan aðgang að reikningum hjá fjármálafyrirtæki sem lögin gilda um og geti veitt viðeigandi upplýsingar um viðskiptamann sé þess óskað.

Með millibankaviðskiptum í skilningi framangreinds er átt við það þegar banki veitir öðrum banka þjónustu í formi greiðslujöfnunar, lausafjárstyringar, skammtímalánveitinga eða fjárfestinga o.fl.

Fjármálaeftirlitið mælist jafnframt til að tilkynningarskyldir aðilar gangi úr skugga um það með fullnægjandi hætti að bankar innan EES, sem ætlunin er að stofna til millibankaviðskipta við, starfi í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja innan EES og í samræmi við kröfur FATF.

Tilkynningarskyldir aðilar geta aflað upplýsinga um viðkomandi banka samkvæmt 11. gr. laganna og samkvæmt framangreindu t.d. með því að leggja spurningalista fyrir viðkomandi banka og gera kröfu um að svör séu staðfest af innri endurskoðanda viðkomandi banka eða með staðfestingu frá erlendum eftirlitsaðilum.

Millibankaviðskipti við lánastofnanir án raunverulegrar starfsemi (einnig nefnt skelbankar eða „shellbanks“ á ensku) eru óheimil samkvæmt 13. gr. laga nr. 64/2006. Staðbundinn fulltrúi eða almennur starfsmaður lánastofnunar innan lögsögu tiltekins ríkis nægir ekki til þess að litid sé svo á að raunveruleg starfsemi eða stjórnun sé til staðar hjá lánastofnun.

#### 2.7.4 Nafnleynd í viðskiptum

Tilkynningarskyldir aðilar ættu ekki að stofna til nafnlausra viðskipta eða til viðskipta með nöfnum sem eru augljóslega tilbúningur.

Bent er á ákvæði 14. gr. laga nr. 64/2006 þar sem kveðið er á um að tilkynningarskyldir aðilar skuli sýna sérstaka varúð þegar um er að ræða nýja tækni, vöru eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleynar og skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slík viðskipti séu notuð til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Það er sérstaklega mikilvægt að tilkynningarskyldir aðilar hafi yfir að ráða viðeigandi stefnu og ferlum til þess að takast á við sérstakar áhættur sem eru samfara viðskiptum sem fara ekki fram augliti til auglitis.

#### 2.8 Reglubundið eftirlit

Reglubundið eftirlit með samningssambandi við viðskiptamenn samkvæmt 6. gr. laga nr. 64/2006 nær bæði til nýrra viðskiptamanna og þeirra sem hafa verið lengur í viðskiptum.

Reglubundið eftirlit með viðskiptamanni sem felur í sér aukna hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er ítarlegra heldur en ef slík hætta er talin minni. Tilkynningarskyldum aðilum er því heimilt að haga reglubundnu eftirliti með hliðsjón af því hversu mikil hætta er á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Sem dæmi um tilvik þar sem kann að vera unnt að gera meiri kröfur til reglubundins eftirlits, s.s. með öflun nýrra upplýsinga, má nefna:

- Breytingar á viðskiptasambandinu.

- Færslur sem fara upp fyrir tiltekin fjárhæðarmörk.
- Ör velta á reikningi sem er í ósamræmi við innstæðu hans.
- Færslur sem falla utan venjubundins viðskiptamynsturs viðskiptamanns.

Sem dæmi um tilvik þar sem kann að vera unnt að gera minni kröfur til reglubundins eftirlits má nefna:

- Lítil velta á reikningi, s.s. þegar um er að ræða orlofsreikninga og gjafareikninga.
- Viðskiptamenn sem hafa verið í löngu viðskiptasambandi við hinn tilkynningarskylda aðila.
- Aldraðir viðskiptamenn (ellilífeyrisþegar).
- Ófjárráða viðskiptamenn (börn og aðrir ófjárráða einstaklingar).

## 2.9 Áhættumat

### 2.9.1 Inngangur

Tilkynningarskyldum aðilum er heimilt að beita ákvæðum 5. og 6. gr. laga nr. 64/2006 og ákvæðum III. og IV. kafla laganna á grundvelli áhættumats þar sem umfang upplýsingaöflunar og annarra ráðstafana samkvæmt lögnum gagnvart hverjum viðskiptamanni byggist á mati á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Aðilum er skylt að setja sér reglur um framkvæmd þessa, ætli þeir að nýta heimildina og skulu reglurnar staðfestar af Fjármálaeftirlitinu, sbr. 1. mgr. 7. gr. sömu laga.

Reglur um framkvæmd áhættumats tilkynningarskylds aðila skulu sniðnar að þeirri starfsemi sem viðkomandi aðili stundar. Til að mynda þurfa reglur um framkvæmd áhættumats hjá viðskiptabanka eða sparisjóði að vera með öðrum liðum en slíkar reglur hjá fjármálafyrirtæki sem hefur ekki leyfi til móttöku innlána. Tilkynningarskyldir aðilar skulu uppfæra reglur um framkvæmd áhættumats með reglubundnum hætti eftir því sem breytingar verða á starfsemi viðkomandi aðila.

Við framkvæmd áhættumats er æskilegt að tilkynningarskyldur aðili nýti sömu aðferðir við áhættustýringu sem tengjast aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og almennt eru notaðar í áhættustýringu viðkomandi aðila, s.s. hvað varðar stefnu, verklag og verkferla.

Rétt er að geta þess að tiltekin ákvæði í lögum nr. 64/2006 byggja að ákveðnu leyti á áhættumati, s.s. ákvæði er varða fjarsölu, millibankaviðskipti, viðskiptamenn í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, nýja tækni, vöru eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleyndar og viðskiptamenn sem lúta einfaldaðri áreiðanleikakönnun.

### 2.9.2 Framkvæmd áhættumats

#### 2.9.2.1 Almenn

Framkvæmd áhættumats felst fyrst og fremst í því að tilgreina tilteknar tegundir áhættu sem taka mið af starfsemi hins tilkynningarskylda aðila en nánar verður fjallað um hverja tegund fyrir sig í kafla 2.9.2.2. Ef áhættumat leiðir í ljós aukna hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka vegna tiltekins viðskiptamanns skal gera auknar kröfur til áreiðanleikakönnunar og reglubundins eftirlits eins og nánar verður fjallað um í kafla 2.9.2.3.

### 2.9.2.2 Tegundir áhættu

Skilgreindar hafa verið fjölmargar tegundir áhættu. Þær megintegundir sem horfa ber til við framkvæmd áhættumats eru eftirfarandi:

- Áhætta sem tengist tilteknum ríkjum eða ríkjasvæðum.
- Áhætta vegna tiltekinna viðskiptamanna.
- Áhætta vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu miða við framangreindar áhættutegundir við framkvæmd áhættumats með það að leiðarljósi að koma auga á aukna hættu vegna tiltekinna viðskiptamanna.

Framangreindar áhættutegundir þarf að skoða heildstætt og kanna innbyrðis tengsl þeirra. Rétt er að geta þess að það kann að vera að einn viðskiptamaður falli undir fleiri en eina tegund áhættu.

Til viðbótar við framangreindar tegundir áhættu getur verið nauðsynlegt að taka mið af öðrum þáttum. Þessir viðbótar áhættuþættir geta haft áhrif á áhættustig viðskiptamanns, til hækkunar eða lækkunar, og geta m.a. verið:

- Tegund viðskiptamanns, t.d. hvort um sé að ræða einstakling eða lögaðila.
- Viðskiptasaga viðskiptamanns, t.d. lengd viðskiptasambands.
- Tilgangur viðskiptanna.
- Eðli starfsemi viðskiptamanns, t.d. hvort viðskiptamaður stundar starfsemi yfir landamæri.
- Umfang viðskiptanna.
- Uppruni fjármagns viðskiptamanns.
- Þekking tilkynningarskylds aðila á lögum og reglum í því ríki sem viðkomandi viðskiptamaður er staðsettur í.

**Ekki í gildi**

### Áhætta sem tengist tilteknum ríkjum eða ríkjasvæðum

Mikilvægt er að tilkynningarskyldir aðilar þekki ríki eða ríkjasvæði sem geta falið í sér aukna hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarskyldir aðilar skulu meta þær áhættur sem tengjast því að stofna til viðskiptasambands og stunda viðskipti við viðskiptamenn frá tilteknum ríkjum eða ríkjasvæðum. Landfræðileg áhætta ein og sér ákvarðar þó ekki í öllum tilvikum áhættustig viðskiptamannsins eða viðskiptanna.

Áhættusöm ríki geta m.a. verið:

- Ríki sem hafa sætt refsiaðgerðum, viðskiptabanni eða sambærilegum aðgerðum á alþjóðlegum vettvangi, t.d. af Sameinuðu þjóðunum.
- Ríki sem FATF hefur gefið yfirlýsingu um að gæta skuli sérstakrar varúðar í viðskiptum við, eða hafa ekki sýnt nægilegan samstarfsvilja vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Einnig ríki sem hafa lýst yfir vilja til að framfylgja aðgerðaráætlun, sem unnin hefur verið í samstarfi við FATF, til að taka á annmörkum innan ríkisins, en ekki náð að framfylgja henni með fullnægjandi hætti.
- Ríki sem samkvæmt áreiðanlegum heimildum styðja við hryðjuverkastarfsemi.
- Önnur ríki þar sem tilkynningarskyldur aðili telur að aukin hættu sé til staðar vegna fyrri viðskiptasögu eða annarra atriða.

### Áhætta vegna tiltekinna viðskiptamanna

Tilkynningarskyldir aðilar skulu meta hvort tiltekinn viðskiptamaður skapi meiri hættu á peningþvætti eða hvort slík hættu sé minni en almennt er. Mat á þeim áhættuþáttum sem lýst



er hér að framan gegnir mikilvægu hlutverki í þessari ákvörðun. Eftirfarandi einkenni á viðskiptamanni geta bent til aukinnar hættu á peningaþvætti:

- Hergagnaframleiðendur, bæði seljendur og milliliðir.
- Starfsemi sem krefst mikillar notkunar reiðufjár, m.a.:
  - Peninga- og verðmætasendingarþjónustur.
  - Gjaldeyrisskiptastöðvar.
  - Spilavíti, fjárhættuspil og tengd starfsemi.
  - Fyrirtæki sem stunda starfsemi sem almennt krefst ekki mikillar notkunar reiðufjár en velta umtalsverðu magni af reiðufé vegna tiltekinnar viðskipta.
- Góðgerðasamtök og önnur samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og sem lúta ekki eftirliti, sérstaklega ef þau stunda starfsemi yfir landamæri.
- Aðilar sem eiga viðskipti með verðmætar vörur, t.d. aðilar sem eiga viðskipti með skartgrip, eðalsteina eða eðalmálm, listmuna- og fornmunasalar, uppboðshaldarar og fasteignasalar og -miðlarar.
- Reikningar fyrir vörsluaðila, svo sem endurskoðendur, lögmenn eða aðra fagaðila fyrir hönd viðskiptamanna þeirra þar sem hinn tilkynningarskyldi aðili fær ekki upplýsingar um deili á þeim. Slíkir reikningar geta einnig falið í sér aukna áhættu í þeim tilvikum þar sem hinn tilkynningarskyldi aðili reiðir sig á upplýsingar um áreiðanleikakönnun af hálfu vörsluaðilans.
- Notkun eða þátttaka milliliða í viðskiptasamböndum. Þó getur þátttaka milliliðar sem þarf að uppfylla kröfur á sviði aðgerða gegn peningaþvætti og lýtur eftirliti eða að öðru leyti beitir fullnægjandi verklagi, falið í sér minni hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Háttsettir erlendir stjórnáamenn, þeirra nánasta fjölskylda og tengdir aðilar (einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmálaáhrifa, sbr. 12. gr. laga nr. 64/2006).
- Viðskiptamaður sem vegna eðlis, uppbyggingar eða viðskiptasambands gerir tilkynningarskyldum aðila erfiðara fyrir að kanna áreiðanleika viðskiptamanns, s.s. erlendir ríkisborgarar sem eru ekki búsettir á Íslandi, erlendir lögaðilar sem ekki hafa starfsstöðvar á Íslandi og innlendir eða erlendir lögaðilar sem virðast ekki hafa viðskiptalegan tilgang eða þar sem erfitt er að afla upplýsinga um raunverulegan eiganda, geta gefið vísbendingar um meiri hættu á peningaþvætti.

### Áhætta vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu

Tilkynningarskyldir aðilar skulu sýna sérstaka varúð þegar um er að ræða nýja tækni, vöru eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleyndar, sbr. 14. gr. laga nr. 64/2006. Viðskipti með vörur eða þjónustu þar sem meiri hættu getur verið á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru m.a.:

- Fjarsala, sbr. 10. gr. laganna og kafla 2.7.1 í tilmælum þessum.
- Millibankaviðskipti, sbr. 11. gr. laganna og kafla 2.7.3 í tilmælum þessum.
- Einkabankaþjónusta.
- Reikningar sem notaðir eru í þágu þriðja manns jafnvel þótt fjármálafyrirtæki sé skráð fyrir reikningnum.
- Geymslustreymisreikningar.
- Útlán sem tryggð eru með reiðufé eða hlutabréfum.

### 2.9.2.3 Áreiðanleikakönnun og reglubundið eftirlit þegar auknar líkur eru á peningaþvætti

Í þeim tilvikum þegar mat hins tilkynningarskylda aðila hefur leitt í ljós aukna áhættu vegna tiltekinnar viðskiptamanns skal gera auknar kröfur til áreiðanleikakönnunar, bæði við upphaf viðskipta og í reglubundnu eftirliti, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2006.

Í framangreindum tilvikum skal grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- Krefjast þess að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptamanns og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi fjármálafyrirtæki.
- Afla viðbótarupplýsinga um viðskiptamann, s.s. um starfsemi, fyrri bankaviðskipti auk frekari sannana um lögheimili.
- Staðfestingu á áreiðanleika gagna sem er aflað, t.d. frá opinberum aðila, fjármálafyrirtæki, vinnuveitanda eða öðrum aðila.
- Meta út frá opinberum gögnum orðstír viðskiptamanns, staðreyna gæði eftirlits hjá honum, þar sem það á við, og fullvissa sig um að ekki fari fram peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Afla samþykkis frá stjórnanda á næsta stjórnunarstigi fyrir ofan þann starfsmann sem um ræðir, áður en viðskiptum er komið á.
- Grípa til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna sem eru notaðir í samningssambandinu eða viðskiptunum, m.a. afla upplýsinga um eignir og tekjur viðkomandi til að geta metið hvort viðskiptin séu í eðlilegum tengslum við fjárhagslega stöðu hans.
- Hafa reglubundið aukið eftirlit með samningssambandinu í samræmi við það sem að framan greinir, sbr. einnig 6. gr. laga nr. 64/2006 og kafla 2.8 í tilmælum þessum.

Ef um er að ræða fjarsölu, millibankaviðskipti eða einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla skal eftir sem áður fylgja ákvæðum III. kafla laga nr. 64/2006 og viðeigandi leiðbeiningum í tilmælum þessum.

## 2.10 Varðveisla gagna

## Ekki í gildi

Varðveita skal afrit af persónuskilríkjum viðskiptamanna og öðrum gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim, í a.m.k. 5 ár frá því að viðskiptum lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006.

Upplýsingar sem skráðar eru vegna einstakra viðskipta sem uppfylla viðmiðunarfjárhæðir b- og c-liðar 4. gr. laganna í fleiri en einni færslu, skulu einnig varðveittar í samræmi við 6. mgr. 5. gr. laganna.

Gögnin skulu vera varðveitt með skipulegum og öruggum hætti, þannig að fullnægjandi yfirsýn sé tryggð og að unnt sé að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá lögreglu og Fjármálaeftirlitinu.

### Afmörkun fimm ára varðveislutíma

Þegar um viðvarandi viðskiptasamband er að ræða skal miðað við þann dag sem viðskiptasambandi lýkur. Þetta á bæði við um upplýsingar sem aflað er í upphafi viðskiptasambands og upplýsinga sem aflað er vegna viðvarandi eftirlits. Þegar um einstakar viðskiptafærslur er að ræða, skal miðað við þann dag sem færslan er framkvæmd.

Þegar annarra gagna er aflað, skal miðað við þann dag þegar gagna var aflað eða upplýsingar voru skráðar. Þetta á einkum við um upplýsingar sem aflað er í tengslum við athugun á grunsamlegum og óvenjulegum færslum, sbr. 3. mgr. 23. gr. laganna og III. kafla tilmæla þessara.

### III. Rannsóknarskylda og tilkynningarskylda

#### 3.1 Rannsóknarskylda

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti og fyrirhuguð viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi, sbr. 17. gr. laga nr. 64/2006.

#### Grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti

Sem dæmi um slík tilvik má nefna:

- Þegar viðskiptamaður sannar ekki á sér deili með fullnægjandi hætti.
- Þegar viðskiptamaður gefur ekki upplýsingar um tilgang fyrirhugaðra viðskipta.
- Þegar viðskiptamaður gefur ótrúverðugar upplýsingar, t.d. m.t.t. annarra fyrirliggjandi upplýsinga og umfangs viðskipta.
- Ef um háar fjárhæðir er að ræða þar sem greitt er með reiðufé.
- Ef ætla má að viðskipti fari fram í þágu þriðja manns og viðskiptamaður neitar að veita upplýsingar um þriðja mann.
- Viðskipti sem ekki virðast hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang.
- Viðskipti eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins.

#### Athugun á grunsamlegum eða óvenjulegum viðskiptum

Kanna skal bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er. Slík athugun ætti m.a. að felast í eftirfarandi aðgerðum:

- Afla nauðsynlegra upplýsinga um viðskiptamann og fyrirhuguð viðskipti.
- Kanna áreiðanleika fyrirliggjandi gagna.
- Leggja sjálfstætt mat á fyrirliggjandi gögn og upplýsingar.
- Gera skriflega skýrslu, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 64/2006, þar sem fram kemur m.a.:
  - Skrá yfir fyrirliggjandi gögn og upplýsingar.
  - Aðgerðir sem gripið var til, m.a. varðandi upplýsingaöflun og framkvæmd viðskipta.
  - Niðurstöður athugunar, þ.e. hvort tilkynna beri lögreglu.

Gögn sem aflað er samkvæmt framangreindu skulu vera nægilega ítarleg til þess að unnt sé að átta sig á eðli viðskiptanna og til að nota megi þau sem sönnunargögn í refsímáli.

Hafa ber í huga að athugun getur leitt í ljós samband á milli ólíkra viðskiptaaðgerða (sem hver um sig sýnist eðlileg) sem bent getur til þess að viðskiptin í heild gætu tengst refsiverðum verknaði.

Ekki er gerð krafa um að starfsmenn myndi sér skoðun á eða hafi rökstuddan grun um hvers konar afbrot liggur að baki peningabætti.

#### 3.2 Tilkynningarskylda til lögreglu

Ef athugun samkvæmt framangreindu leiðir til að vitneskja eða grunur um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka vaknar ber að tilkynna um viðskiptin til lögreglu, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 64/2006. Skylt er að forðast slík viðskipti. Í tilkynningu skal taka fram innan hvaða fresta tilkynningarskyldum aðila er skylt að framkvæma viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað

af viðskiptunum skal lögreglu tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram, sbr. 18. gr. laganna.

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að lögreglu hafi verið sendar upplýsingar samkvæmt 17. eða 18. gr. laga nr. 64/2006 eða um rannsókn vegna gruns um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, sbr. 20. gr. laganna.

#### IV. Innra eftirlit, innri reglur o.fl.

##### 4.1 Ábyrgðarmaður

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt 22. gr. laga nr. 64/2006, að tilnefna aðila úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka (hér eftir ábyrgðarmaður). Slíkur ábyrgðarmaður annast tilkynningar í samræmi við ákvæði 17. og 18. gr. laganna og ber ábyrgð á að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir sem stuðla skulu að eftirfylgni við lögin. Ábyrgðarmaður hefur skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem skipt geta máli. Lögreglu og Fjármálaeftirlitinu skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns og hvaða stöðu hann gegnir innan viðkomandi tilkynningarskylds aðila.

##### Staða ábyrgðarmanns

Staða ábyrgðarmanns innan tilkynningarskylds aðila fer eftir stærð og umfangi hans. Í smærri tilkynningarskyldum aðilum, þar sem fáir starfsmenn eru, kann að vera eðlilegt að framkvæmdastjóri gegni stöðu ábyrgðarmanns. Í öðrum tilvikum getur ábyrgðarmaður verið framkvæmdastjóri ákveðins sviðs, forstöðumaður eða regluvörður. Tryggt þarf að vera að staða ábyrgðarmanns sé með þeim hætti að hann sé nægilega sjálfstæður til þess að geta sinnt skyldum sínum. Með því er m.a. átt við að ábyrgðarmaður hafi í krafti stöðu sinnar aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og geti sent tilkynningar til lögreglu vegna grunsemda um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka án íhlutunar annarra, hvort heldur næstu yfirmanna eða stjórnar tilkynningarskylda aðilans. Tilnefna þarf staðgengil ábyrgðarmanns og skal hann gegna sambærilegri stöðu og vera tryggt sambærilegt sjálfstæði og ábyrgðarmanni.

Mikilvægt er að ábyrgðarmaður komi úr hópi stjórnenda m.a til að tryggja að hann geti í starfi sínu:

- Haft tímanlegan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum um viðskiptamenn og viðskiptafærslum sem tilkynning beinist að.
- Lagt sjálfstætt mat á tilkynningar sem honum berast.
- Sent tilkynningu til lögreglu vegna gruns um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka án aðkomu annarra.
- Brugðist skjótt við fyrirspurnum frá lögreglu eða Fjármálaeftirlitinu.

##### Starfsskyldur ábyrgðarmanns

Í starfsskyldum ábyrgðarmanns skal m.a. felast að:

- Taka á móti tilkynningum um grun um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka frá starfsmönnum, skrá þær og varðveita ásamt öðrum gögnum á fullnægjandi hátt.
- Gera ráðstafanir til að afla nauðsynlegra upplýsinga í tengslum við tilkynningar frá starfsmönnum.
- Framkvæma eigin rannsóknir og úttektir á tilkynningum á grundvelli allra aðgengilegra upplýsinga.

- Sjá til þess að skrifuð sé skýrsla um tilkynningar, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 64/2006.
- Senda til lögreglu tilkynningar um vitneskju eða grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- Afla sér upplýsinga um og nota tilmæli og leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins, annarra stjórnvalda og alþjóðlegra stofnana, s.s. FATF.
- Gera viðeigandi ráðstafanir til að viðhalda þekkingu sinni.
- Hafa umsjón og ábyrgð með fræðslu annarra starfsmanna um málaflokkinn.
- Leggja mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka innan einstakra sviða eða rekstrareininga, m.a. út frá fjölda tilkynninga og umfangi og eðli starfseminnar.
- Tryggja að fullnægjandi starfsaðferðir séu viðhafðar innan tilkynningarskylds aðila á sviði aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Árleg skýrslugjöf til stjórnar tilkynningarskylds aðila.

### Skýrsla til stjórnar um störf ábyrgðarmanns

Í árlegri skýrslu ábyrgðarmanns til stjórnar tilkynningarskylds aðila skal m.a. koma fram:

- Mat á því hvernig skriflegar innri reglur og innra eftirlit samræmist löggjöf, leiðbeiningum, tilmælum og upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu og öðrum stjórnvöldum og tilmælum FATF.
- Umfjöllun um það hvernig brugðist hafi verið við tilkynningum og upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu og öðrum stjórnvöldum.
- Upplýsingar um fjölda tilkynninga til ábyrgðarmanns, athugun hans á þeim og hve margar voru sendar lögreglu. Upplýsingar um samræmda flokkun tilkynninga, t.d. eftir starfssviðum, rekstrareiningum eða tegundum viðskipta, sem getur gefið tölfræðilega yfirsýn yfir málaflokkum og áhrifveldað greiningu innan viðkomandi tilkynningarskylds aðila.
- Upplýsingar um þjálfun og fræðslu starfsmanna.
- Upplýsingar um það sem er ábótavant í starfsaðferðum tilkynningarskylds aðila og ábendingar um úrbætur.

Stjórn tilkynningarskylds aðila skal taka skýrsluna til umfjöllunar á stjórnarfundum, leggja mat á hana og efni hennar og kveða á um aðgerðir til úrbóta sé þess þörf.

### 4.2 Innra eftirlit o.fl.

Í 23. gr. laga nr. 64/2006 er fjallað um innra eftirlit. Stjórn tilkynningarskylds aðila ber ábyrgð á að fyrir hendi séu skriflegar innri reglur og innra eftirlit og að framkvæmd þess sé fullnægjandi til að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé misnotuð í tengslum við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þar skal m.a. fjalla um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, tilkynningarskyldu, varðveislu gagna og viðskipti sem krefjast sérstakrar varúðar.

### Skriflegar innri reglur

Skriflegar innri reglur gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/2006 ættu m.a. að fjalla um:

- Áreiðanleikakönnun viðskiptamanns.
- Upplýsingaöflun við áreiðanleikakönnun.
- Skráningu og varðveislu gagna.
- Viðskipti sem krefjast sérstakrar varúðar.
- Skyldu starfsmanna til að tilkynna ábyrgðarmanni tafarlaust um grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

- Meðferð tilkynninga um ætlað peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- Ábyrgð og hlutverk ábyrgðarmanns.
- Stöðu og aðgang ábyrgðarmanns að viðeigandi upplýsingum um viðskiptamenn og viðskiptafærslur sem tilkynning beinist að.
- Starfsaðferðir til að koma í veg fyrir að nafnleynd eða tækninýjungar séu misnotaðar í viðskiptum í þágu peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og varðveisla gagna um slík viðskipti.
- Upplýsingar sem aflu skal við ráðningu starfsmanna.
- Þjálfun og fræðslu starfsmanna.
- Úrræði ef starfsmenn sinna ekki starfsskyldum sínum að þessu leyti án réttmætrar ástæðu.

Við gerð skriflegra innri reglna og við innra eftirlit skal m.a. hafa hliðsjón af því sem fjallað er um í II. kafla.

### Innri endurskoðun

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að framfylgni tilkynningarskyldra aðila við löggjöf, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur sæti reglubundnum úttektum endurskoðunardeilda, þar sem það á við, eða séu hluti af verkefnum ytri aðila sem tilkynningarskyldur aðili hefur samið um að sinni innra eftirliti. Sama gildir um eftirlit með störfum ábyrgðarmanna um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í skýrslu innri endurskoðunar til stjórnar skal gera sérstaklega grein fyrir eftirliti og úttektum vegna framangreinds. Sjá einnig leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008 um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja.

## Ekki í gildi

### 4.3 Þjálfun starfsmanna

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 64/2006 skulu tilkynningarskyldir aðilar sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þjálfunin skal fara fram við upphaf starfs og reglulega á starfstímanum, til að tryggja að starfsmenn þekki skyldur tilkynningarskyldra aðila samkvæmt lögunum, áreiðanleikakönnun viðskiptamanna og tilkynningarskyldu. Auk þessi skuli þeir fá upplýsingar um þróun málaflokksins og nýjustu aðferðir við peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þjálfun starfsmanna er eitt af lykilatriðum í aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og er hluti af virku innra eftirliti tilkynningarskyldra aðila. Tilkynningarskyldum aðila ber að tryggja þjálfun nýrra starfsmanna auk reglubundinnar þjálfunar annarra starfsmanna. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að fyrir hendi sé áætlun um hvernig þjálfun verði háttað. Í slíkri áætlun þarf að koma fram mat á þörf og tíðni þjálfunar, t.d. eftir starfssviðum, einstökum rekstrareiningum, tegundum viðskiptamanna eða verkefnum.

Tryggja skal að starfsmenn og stjórnendur hafi vitneskju um:

- Löggjöf, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Hverjar séu skyldur þeirra í tengslum við aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. hver séu rétt viðbrögð gagnvart viðskiptamönnum og innan tilkynningarskylds aðila, ef grunur kemur upp um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- Hver sé ábyrgðarmaður og hvert sé hlutverk hans og ábyrgð.
- Hver sé staðgengill ábyrgðarmanns.
- Hvaða afleiðingar það getur haft fyrir tilkynningarskyldan aðila, starfsmenn hans og viðskiptamann, ef reglur á þessu sviði eru ekki virtar.
- Hvar helstu hættur á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka liggja.

- Nýjustu aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og þróun málaflokksins.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að starfsmenn fái þjálfun í að þekkja viðskiptafærslur sem geta vakið grunsemdir og verið tengdar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og fái leiðsögn í því hvernig bregðast skal við.

Endurmeta skal reglulega þörf á þjálfun starfsmanna og uppfæra fræðslu- og kynningarefni.

## V. Erlend starfsemi tilkynningarskyldra aðila

Í 24. gr. laga nr. 64/2006, er fjallað um útibú og dótturfélög í ríkjum utan EES. Séu lög og reglur sem beinast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka strangari í hinu erlenda ríki, þar sem útibú eða dótturfélag er staðsett, skal þeim fylgt.

Fjármálaeftirlitið leggur jafnframt áherslu á að innri reglur, ferlar og innra tilkynningarskyldra aðila vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka taki til starfsemi útibúa og dótturfélaga þeirra erlendis, hvort heldur um er að ræða innan eða utan EES, nema því aðeins að strangari kröfur séu gerðar að þessu leyti í viðkomandi ríkjum. Ef strangari kröfur gilda í viðkomandi ríki, ber að fara eftir þeim reglum vegna starfsemi eftirlitsskylds aðila í því ríki. Það er á ábyrgð stjórnar og æðstu stjórnenda eftirlitsskylds aðila að sjá til þess að framangreindu sé fylgt í framkvæmd.

## VI. Eftirlit

### Ekki í gildi

#### Eftirlit Fjármálaeftirlitsins

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 64/2006 hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að aðilar sem tilgreindir eru í a-e-lið 1. mgr. 2. gr. laganna fari að ákvæðum þeirra og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim. Þá kemur fram að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að beita eftirlitsúræðum sem kveðið er á um í lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi við eftirlit samkvæmt lögum nr. 64/2006, sbr. 2. mgr. 25. gr. laganna. Í þessu felst m.a. að Fjármálaeftirlitið hefur ríkan aðgang að gögnum samkvæmt 9. gr., getur gert athugasemdir og krafist úrbóta samkvæmt 10. gr. og lagt á féviti og dagsektir samkvæmt 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Eftirlit Fjármálaeftirlitsins samkvæmt framangreindu felst fyrst og fremst í reglubundnu eftirliti m.a. í formi vettvangsathugana og sjálfsmats, yfirferð yfir innri reglur tilkynningarskyldra aðila og skýrslur ábyrgðarmanns, samþykkt reglna tilkynningarskyldra aðila um framkvæmd áhættumats og veitingu leiðbeininga um framkvæmd laga nr. 64/2006.

#### Tilkynningar Fjármálaeftirlitsins

Á grundvelli 2. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006 gefur Fjármálaeftirlitið út tilkynningar og leiðbeiningar ef þörf er á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Auk þess ber tilkynningarskyldum aðilum jafnframt að gefa sérstakan gaum að ríkjum eða ríkjasvæðum sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Fjármálaeftirlitið gefur út framangreindar tilkynningar í kjölfar ársþriðjungslegra funda FATF í formi dreifibréfs til tilkynningarskyldra aðila og videigandi hagsmunaaðila.

**Undanþága frá ákvæðum laganna**

Fjármálaeftirlitið getur á grundvelli 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006 ákveðið að aðilar sem falla undir a-e-lið 1. mgr. 2. gr. sömu laga og taka þátt í fjármálastarfsemi aðeins stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti og starfsemin felur í sér litla hættu á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka verði undanþegnir ákvæðum laganna. Með öðrum orðum þurfa framangreindir aðilar að uppfylla tvö skilyrði. Annars vegar að taka þátt í fjármálastarfsemi annaðhvort aðeins stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti og hins vegar að starfsemin feli í sér litla hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu rökstyðja með ítarlegum hætti í beiðni til Fjármálaeftirlitsins að umræddum skilyrðum sé fullnægt.

Reykjavík, 30. september 2011

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Gunnar Þ. Andersen*

*Ragnar Hafliðason*

**Ekki í gildi**